

Mánudaginn 4. mars kom hreppsnefnd saman til 5. fundar á árinu í Hreppsstofu. Mættir hreppsnefndarmennirnir Jakob, Jón Sigmar, Helgi Hlynur, Eyþór og Elísabet í stað Jóns.

1. Fasteignagjöld 2019

Farið yfir álagningaskrá fasteignaskatts. Fasteignaskattar felldir niður samkvæmt reglum hreppsnefndar frá 6. mars 2006. Þá ákvað hreppsnefndin að nýta heimild í sömu reglum og veita styrk til greiðslu fasteignaskatts 50% af Vinaminni og Lindarbakka.

2. Erindi frá Já sæll ehf

Helgi Hlynur vakti athygli á vanhæfi sínu og var það samþykkt.

Erindið snýr að viðhaldi og endurbótum. Hreppsnefnd tekur vel í óskir um úrbætur. Stefnt á að koma upp fullnægjandi loftræstingu í eldhúsið fyrir sumarið.

3. Bréf:

Búnaðarfélag Borgarfjarðar ályktun um friðlýsingu:

Búnaðarfélagið beinir þeim tilmælum til hreppsnefndar að ekki verði hafin frekari undirbúningur að friðlýsingu Borgarfjarðarhrepps án samráðs við landeigendur einnig lýsti fundur Búnaðarfélagsins efasemdum um gagnsemi friðlýsingar til verndunar á sjaldgæfum plöntum.

4. Fundargerðir:

- a. Svæðisskipulagsnefnd SSA 11.02.2019, lögð fram til kynningar.
- b. Hafnarsamband Íslands 15.02.2019, lögð fram til kynningar.
- c. Stjórn SSA 19.02.2019, lögð fram til kynningar.
- d. Aukaaðalfundur SSA 20.02.2019, lögð fram til kynningar.

Í ljósi fyrirhugaðra breytinga á stjórnarfyriřkomulagi SSA og samstarfi við Austurbrú telur hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps eðlilegt að starf framkvæmdastjóra Austurbrúar verði auglýst laust til umsóknar.

- e. Samband ísl. sveitarfélaga 22.02.2019, lögð fram til kynningar.

5. Skýrsla sveitarstjóra.

Ýmis mál rædd.

Fundi slitið kl: 20:10

Umsóknarfrestur í Atvinnuaukningarsjóð er til 1. apríl.

Íbúðin Ásbrún 1 er laus til umsóknar.

Tekið verður við umsóknum til 28 mars.

Þar sem ekkert barn er skráð í leikskóla verður að óbreyttu lokað frá 1.júní.